

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórnarhættir Mannvits hf. 2013

Drög samþykkt af stjórn 27. mars 2014

Endanleg afgreiðsla verður með ársreikningi

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti Mannvits hf. er félagið að fylgja þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland með það að markmiði að styrkja innviði Mannvits hf. og auka gagnsæi.

Stjórnarháttayfirlýsing Mannvits hf. er aðgengileg á tölvukerfi Mannvits í möppu hluthafanna, Mímisbrunni, og verður einnig birt í sérstökum kafla í ársskýrslu félagsins.

Lög og reglur

Mannvit er hlutafélag og um starfsemi félagsins gilda lög um hlutafélög nr. 2/1995. Auk þess fylgir félagið öðrum lögum eftir því sem við á s.s. lögum um bókhald nr. 145/1994 og lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Lögin má nálgast á vef Alþingis www.althingi.is

Félaginu ber ekki lagaleg skylda til að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti en í störfum sínum hefur stjórn félagsins eigi að síður til hliðsjónar áður nefndar leiðbeiningar ásamt Handbók stjórnarmanna sem KPMG hefur gefið út.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (3. útgáfu) er hægt að nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is

Stjórn Mannvits

Í stjórn Mannvits sitja fimm aðalmenn og eru þeir allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Forstjóri situr stjórnarfundum auk þess sem aðrir einstaklingar úr framkvæmdastjórn sitja fundina að jafnaði. Meðlimur framkvæmdastjórnar sér um að rita fundargerðir. Stjórn félagsins ber megin ábyrgð á rekstri þess og fer með æðsta vald í málefnum þess á milli hluthafafunda. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna sem henni ber sjálfri að annast nema heimild sé veitt í lögum til að framselja valdið með umboði.

Helstu hlutverk stjórnar:

- Að setja markmið fyrir reksturinn með hagsmuni félagsins og hluthafa að leiðarljósi í samræmi við tilgang félagsins.
- Ákveða hverjir verða hluthafar í félaginu og leysa til félagsins það hlutafé sem falt er.
- Ráða einn til þrjá framkvæmdastjóra, ákveða ráðningarkjör og gera skriflegan ráðningarsamning.
- Annast um að skipulag félagsins og starfsemi þess sé jafnan í góðu horfi og að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- Hafa eftirlit með því að hlutaskrá sé haldin.
- Kjósa í nefndir til ákveðinna verkefna eftir því sem þörf er á eða samþykkt á hluthafafundum.
- Setja félaginu markmiðsáætlun í samræmi við tilgang félagsins og marka þá stefnu sem farin skal til að ná settum markmiðum.
- Fylgjast með að framkvæmdastjóri marki og fylgi viðskiptastefnu í samræmi við markmiðsáætlun stjórnar.
- Taka ákvarðanir í málum sem teljast óvenjuleg eða mikilsháttar.
- Veita prókúruumboð.

Stjórn hefur skilgreint hvaða ákvarðanir teljast vera óvenjulegar eða mikilsháttar og falla þar af leiðandi ekki undir daglegan rekstur.

Formlegar undirnefndir eru ekki starfandi undir stjórn félagsins en þó er verkefnatengdum nefndum komið á fót þegar þörf er á.

Starfsreglur stjórnar

Stjórn félagsins starfar eftir starfsreglum sem eru endurskoðaðar árlega, síðasta endurskoðun var samþykkt 28.11.2013. Starfsreglurnar eru aðgengilegar á tölvukerfi Mannvits í möppu hluthafanna, Mímisbrunni,.

Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins hefur gert formlegt árangursmat, fyrst fyrir aðalfund 2012 og aftur nú á vormánuðum 2014. Árangursmatið er á formi sjálfsmats þar sem stjórnarmenn svara spurningarlista um árangur stjórnar á líðandi starfsári.

Stjórnarmenn Mannvits hf.

Stjórnin kemur saman á reglulegum stjórnarfundum í lok hvers mánaðar. Að auki kemur stjórnin saman á fundum milli reglulegra funda þegar þörf er á. Góð mæting stjórnarmanna er á stjórnarfundum og var stjórn ákvörðunarbær á öllum fundum ársins. Í forföllum aðalmanna eru varamenn kallaðir til fundar þannig að á öllum fundum var mætt fullskipuð stjórn

Allir stjórnarmenn félagsins eru jafnframt starfsmenn og hluthafar í félaginu, enda þurfa hluthafar að vera starfsmenn félagsins samkvæmt samþykktum þess. Enginn stjórnarmanna telst því vera óháður stjórnarmaður. Félagið telur að hagsmunum þess sé best borgið með því fyrirkomulagi að allir stjórnarmenn séu jafnframt hluthafar.

Ný stjórn var kjörin á aðalfundi félagsins 3 maí 2013. Á þeim fundi var fækkað um tvo í stjórn, úr sjö í fimm. Tveir sitjandi stjórnarmenn voru ekki í framboði til stjórnar og var stjórn að öðru leiti óbreytt. Stjórnarmenn eru þessir:

Jón Már Halldórsson formaður stjórnar er fæddur 1952. Hann lauk tæknifræði árið 1975 og er rafmagnsverkfræðingur M.Sc. frá 1981. Jón Már er sviðsstjóri og verkefnisstjóri hjá Mannviti. Hann hefur setið í stjórn Mannvits frá stofnun árið 2008 en sat áður í stjórn Rafhönnunar. Jón Már á 1,5% eignarhlut í Mannviti.

Gunnar Herbertsson varaformaður stjórnar er fæddur 1958, hann er vélaverkfræðingur M.Sc. frá 1982. Hann starfar sem fagstjóri og verkefnisstjóri hjá Mannviti. Gunnar hefur setið í stjórn Mannvits frá árinu 2008 en sat áður í stjórn VGK. Gunnar á 1,5% eignarhlut í Mannviti.

Anna Þórunn Björnsdóttir er fædd árið 1970, hún er stúdent frá Verslunarskólanum árið 1990. Hún starfar sem aðalbókari hjá Mannviti. Anna Þórunn hefur setið í stjórn Mannvits frá árinu 2012. Anna Þórunn á 0,55% eignarhlut í Mannviti.

Pálína Gísladóttir er fædd 1975, hún er byggingaverkfræðingur M.Sc. frá árinu 1998. Hún starfar sem verkefnisstjóri hjá Mannviti. Pálína hefur setið í stjórn Mannvits frá árinu 2010. Pálína á 1,03% eignarhlut í Mannviti.

Sigurður Sigurjónsson er fæddur 1966, hann er rafmagnsverkfræðingur M.Sc. frá 1995. Hann starfar sem verkefnisstjóri hjá Mannviti. Sigurður hefur setið í stjórn Mannvits frá maí 2011. Sigurður á 1,5% eignarhlut í Mannviti.

Forstjóri Mannvits hf.

Forstjóri félagsins ber ábyrgð á að framfylgja stefnu stjórnar um þróun og áherslur félagsins og sjá um daglegan rekstur félagsins og dótturfélaga þess. Hann á að samhæfa áralagið og tryggja að starfsemin

skili tilætluðum árangri. Forstjóri á að tryggja að félagið veiti eins góða þjónustu og kostur er, vinna að því að félagið ræki hlutverk sitt í hvívetna hvað snertir þjónustu við viðskiptavinum sem og vellíðan starfsmanna.

Núverandi forstjóri og jafnframt prókúruhafi er Eyjólfur Árni Rafnsson en auk hans hefur Skapti Valsson, aðstoðarforstjóri einnig prókúruumboð. Forstjóri tryggir að ferlum fyrirtækisins sé stýrt sem ein heild í formi stjórnunarkerfis sem uppfyllir kröfur verkkaupa, alþjóðlegra stjórnunarstaðla, hagsmunaaðila og gildandi laga og reglugerða hverju sinni.

Eyjólfur Árni Rafnsson er fæddur 1957 og hefur starfað hjá félaginu og fyrirrennrum þess frá árinu 1984. Hann er byggingaverkfræðingur Ph.D að mennt. Eignarhlutur Eyjólfss Árna í Mannviti er 1,5%. Eyjólfur Árni gerir tillögu um hver tekur sæti af hálfu Mannvits í stjórn þeirra fyrirtækja sem Mannvit á eða á hlutdeild í. Eyjólfur Árni situr jafnframt sjálfur í stjórnnum sumra þeirra félaga.

Ársreikningar félagsins

Reikningsár Mannvits er almanaksárið. Ársreikninga félagsins er hægt að nálgast hjá Ársreikningaskrá. Ársreikningi vegna rekstrarársins 2012 var skilað til ársreikningaskrár 25. október 2013.

Gildi félagsins, siðareglur og stefna um samfélagslega ábyrgð

Gildi Mannvits eru Traust, Þekking, Víðsýni og Gleði

- Traust verður ekki keypt, heldur ávinnst það með verkum okkar.
- Þekking er undirstaða þjónustu okkar sem byggir á menntun og hugviti starfsfólks.
- Víðsýni opnar okkur nýjar leiðir í úrlausnum verkefna.
- Gleði eykur starfsánægju sem skilar sér til viðskiptavina.

Mannvit leggur sig fram um að vera öðrum fyrirtækjum fyrirmynd þegar kemur að sjálfbærri þróun. Félagið hefur sett sér samgöngustefnu sem hefur það markmið að bæta umhverfi, borgarbrag og heilsu íbúa á höfuðborgarsvæðinu og að uppfylla ferðapörf starfsmanna á hagkvæman og vistvænan máta. Samgöngustefnan felur m.a. í sér:

- að félagið greiðir strætókort fyrir starfsmenn eða andvirði þess ef þeir hjóla/ganga til vinnu.
- að við kaup á bílum fyrir Mannvit séu valin visthæf ökutæki á borð við metan og tvinnbíla í stað bíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti
- að starfsmenn fá fræðslu um vistakstur.

Það er stefna Mannvits að gæta fyllsta jafnréttis í starfsemi sinni og að hver starfsmaður sé metinn á sínum eigin verðleikum. Félagið hefur sett sér jafnréttisstefnu sem nær til allrar starfsemi þess en í henni segir m.a. að við ákvörðun um ráðningu og tilfærslur sé lögð áhersla á jafnrétti og jöfn tækifæri. Sömu laun og kjör eru greidd fyrir sambærileg störf auk þess sem starfsmenn eiga jafnan aðgang að starfsmenntun og þjálfun. Félagið undirritaði samstarfssamning á ráðstefnu á vegum Samtaka atvinnulífsins í febrúar 2010 um að það markmið að auka fjölbreytni í forystusveit sinni til loka ársins 2013 þannig að hlutur hvors kyns verði ekki undir 40%. Þessu markmiði hefur verið náð hvað varðar stjórn fyrirtækisins. Stefnan er að gæta fyllsta jafnréttis innan félagsins og hvers kyns mismunur er óheimil.

Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu, í henni felst að áhersla er lögð á að leita umhverfisvænna leiða í aðföngum og þjónustu og að benda viðskiptavinum á vistvænar lausnir þar sem þess er kostur við hönnun og ráðgjöf.

- Félagið er með vottaða umhverfisstefnu sem er í samræmi við ISO 14001:2004 staðlana.

Pá lauk félagið í mars 2012 vottun á vinnuverndar- og öryggisstjórnunarkerfi í samræmi við ISO 18001 staðalinn.

Gæðastjóri heldur utan um gæðamál og umhverfisstefnu félagsins en yfirumsjón er í höndum forstjóra.

- Félagið hefur sett sér gæðastefnu sem felur í sér að veita viðskiptavinum hagkvæma, stöðuga og umfram allt góða þjónustu sem byggir á trausti, þekkingu, víðsýni og gleði.
- Félagið er með vottað gæðakerfi í samræmi við ISO 9001:2008 staðlana.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á að tryggja að ferlum félagsins sé stýrt sem heild í formi stjórnunarkerfis sem uppfyllir kröfur verkkaupa, alþjóðlegra stjórnunarstaðla, hagsmunaaðila og gildandi laga og reglugerða.

Félagið hefur á starfsárinu sett sér siðareglur. Siðareglurnar lýsa því hvernig félagið gætir hagsmuna viðskiptavina og starfsfólks með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi..

Upplýsingar um brot á reglum sem viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Mannvit hefur hvorki á liðnu starfsári né í sögu félagsins átt í neinum opinberum ágreiningi eða verið sektað af opinberum aðilum.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýring félagsins í tengslum við samningu reikningskila

Félagið er almennt ekki í áhættusömum rekstri. Allar ákvarðanir um fjárfestingar í nýsköpun eru teknar af stjórn. Félagið er með gæðavottaða starfsemi og ferlar eru til staðar um flesta hluti auk þess sem gæðastjóri er starfandi. Stjórn hefur fjallað um áhættumál á stjórnarfundum og gerir áhættugreiningu á áhættum í rekstri Mannvits árlega..

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess sem hittast á hluthafafundum að minnsta kosti einu sinni á ári. Á skrifstofu félagsins að Grensásvegi 1 í Reykjavík er haldin skrá yfir hluthafa þess og er hún aðgengileg hluthöfum. Hluthafar hafa aðgang að lokaðri möppu, Mímisbrunni, í tölvukerfi félagsins, þar sem hluthafar hafa aðgang að ýmsum gögnum s.s. verðmat félagsins, hluthafalista, samandregnar fundargerðir stjórnarfunda, mánaðarlegar tölur sem sýna fjárhagsstöðu félagsins eftir mánuðum, samþykktir félagsins, ársreikninga og starfsreglur stjórnar. Allir hluthafar félagsins starfa hjá félaginu og þekkja því vel rekstur og starfsemi þess.